Mikil samstaða hefur skilað góðum árangri



LEIÐARI

Örn Pálsson skrifar.

Landssamband smábátaeigenda fagnar nú 25 ára afmæli. Á þeim árum sem eru að baki hefur LS náð að skapa félagsmönnum sínum ásættanlegt rekstrarumhverfi. Þeim árangri hefur félagið náð með gríðarlegri samstöðu félagsmanna sem horfa stöðugt fram á við í leit að nýjum tækifærum. Manna sem standa sem ein heild þegar atlaga er gerð að veiðirétti þeirra, koma sjónarmiðum sínum á framfæri með hógværð og festu og standa skrefi framar heldur en andstæðingarnir.

Á leið LS að þeim veiðirétti sem félagsmenn þess hafa í dag hefur oft gefið á bátinn. Fjöldi báta hefur hæst farið í 2000 og lægst í um 600, en eru nú um 1000. Einstök veiðikerfi hafa komið og farið. Stundum með hvelli en oftar með sátt þegar upp hefur verið staðið.

Veiðiréttur smábátaeigenda togaðist upp á við ár frá ári og nú eru félagsmenn að veiða fimmtung alls þorsks sem veiddur er á Íslandsmiðum, fjórðung ýsunnar og rúm 40% af steinbítnum og nánast alla grásleppu sem veidd er. Þá er ufsi einnig drjúgur í afla smábáta. Heildaraflaverðmæti smábáta á fiskveiðiárinu 2009/2010 losaði 19 milljarða, sem jafngildir 38 milljörðum króna í útfluttnings verðmætum.

Fáum blandast hugur um að veiðar smábáta skapa minni hættu á ofnýtingu fiskistofna en veiðar stærri skipa sem nota stórvirk veiðarfæri. Þá hefur að stórum hluta til með veiðum smábáta orðið til gríðarlega öflugur markaður með dagróðrafisk. Smábátar selja að langmestum hluta aflann á fiskmörkuðum og skapa þannig eðlilega verðmyndun á fiski. Ólíklegt er að hér mundu starfa fiskmarkaðir ef veiðar smábáta væru ekki jafn öflugar og raun ber vitni. Fiskmarkaðir hafa opnað leið fyrir kaupendur sem vinna aflann samdægurs og selja á erlenda markaði.

Við upphaf kvótakerfisins og lengst af var það stefna stjórnvalda að takmarka mjög afla smábáta og þar með hlutdeild þeirra í heildarafla. Málflutningur LS hratt þessum sjónarmiðum og smábátar urðu raunstærð í fiskiskipaflota landsins. Fáum blandast hugur um að það hefur skilað þjóðarbúinu milljörðum í auknu útflutningsverðmæti, verið vörður hinna dreifðu byggða og gert ímynd Íslands sem sjávarútvegsþjóðar í fremstu röð betri.

Línuívilnun er hugtak sem kennt er við landssambandið. Hún er gott dæmi um viðurkenningu stjórnvalda á kröfum LS. Auk þess sem hún eykur vægi vistvænna veiða og framboð á úrvals fiski, er hún atvinnuskapandi í landi. Lagaákvæðið hefur vakið mikla athygli á alþjóðavettvangi sem segir það einsdæmi að stjórnvöld „verðlauni“ sérstaklega fyrir það að stunda umhverfisvænar veiðar.

Strandveiðar urðu að lögum í maí á þessu ári. Strax og hugmyndir komu fram um veiðikerfið lýsti LS stuðningi við strandveiðar. Það var í anda samþykkta félagsins um frjálsar handfæraveiðar og hvatti LS stjórnvöld á öllum stigum að lögfesta strandveiðar. Strandveiðikerfið hefur styrkt stjórnkerfi fiskveiða með því að slá á ósætti gagnrýnenda þess. Strandveiðikerfið heimilar hverjum sem er að róa til fiskjar og selja aflann án þess að þurfa að greiða fyrir veiðiheimildir frá þeim sem eru háðir króka- eða aflamarki. Þannig svarar strandveiðikerfið kröfum fjölmargra, óánægjuröddum fækkar, auk þess að koma til móts við athugasemdir Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 14. desember 2007.

Smábátaeigendum, fjölskyldum þeirra og velunnurum óska ég gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda

Í blaðinu...



SÁTTUR VÐ AFKOMUNA



BARÁTTA Í ALDARFJÓRÐUNG



VILJA BREYTINGAR

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Útgefandi: Landssamband smábátaeigenda.
Formaður: Arthur Bogason.
Framkvæmdastjóri: Örn Pálsson.
Ritstjóri: Sigurjón M. Egilsson.
Ritnefnd: Sigurjón M. Egilsson og Örn Pálsson.
Ábyrgðarmaður: Örn Pálsson.
Umsjón með útgáfu: Goggur ehf.
Umbrot: Goggur ehf.
Ljósmyndir: Ýmsir. Forsíðumynd: Siggi Stormur.
Auglýsingar: Vokal ehf., 866 3855.
Prentvinnsla: Oddi.
Upplag: 1.500 eintök.